

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 322. desember gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-62/2012:

I

Hinn 19. ágúst sl. barst kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni frá X, f.h. Z og P, Smáratúni, 861 Hvolsvelli, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðendur, um álit nefndarinnar vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Ágreiningur aðila stendur um kaup á samtals 11 kvígum haustið 2013. Telja álitsbeiðendur að allar kvígurnar hafi verið keyptar á þeim forsendum að þær væru kelfdar, en aðeins 5 báru kálfi á tilsettum tíma.

II

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi:

„Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Í 5. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar segir eftirfarandi:

„Málsmeðferð fyrir nefndinni er skrifleg og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða sérfróða menn nema að 2. mgr. 4. gr. eigi við í málinu.“

Ágreiningur aðila, líkt og honum er lýst í álitsbeiðni er í eðli sínu ekki flókinn. Keyptu álitsbeiðendur 11 kvígur í þrennu lagi, fyrst 5 kvígur, en í síðari skiptin 3 kvígur í hvort skipti. Töldu álitsbeiðendur sig vera að kaupa 11 kelfdar kvígur, en aðeins 5 af kvígum báru kálfi á tilsettum tíma. Enginn samningur liggur fyrir um kaupin. Fyrir liggur auglýsing frá seljanda í Bændablaðinu þar sem kemur fram að hann sé með til sölu kelfdar kvígur, en seljandi sjálfur heldur því fram að þær kvígur sem þar hafi verið boðnar til kaups hafi allar verið seldar þegar álitsbeiðendur höfðu samband við hann. Eru aðilar þannig ósammála um hvað var samið um við kaupin á umræddum kvígum og þá hvort þær hafi verið seldar sem kelfdar eða hvort vafi hafi leikið á því að kvígurnar væru með fangi. Hins vegar liggur fyrir að dýralæknir var ekki fenginn til að ganga úr skugga um hvort kvígurnar væru kelfdar áður en gengið var frá kaupunum.

Kæruneftndin telur útilokað að forsendur séu fyrir því að gefa efnislegt álit á deiluefni aðila, sem byggjandi yrði á, án þess að til komi yfirheyrslur yfir aðilum málsins. Kæruneftndin hefur ekki heimild til að efna til slíkra yfirheyrslna og lítur svo á, m.a. af þeim sökum, að ágreiningur aðila sé þess eðlis að hún geti ekki tekið afstöðu til hans með álitsgerð, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006, sem rakin er hér að framan. Kæruneftndin vísar því álitsbeiðni frá sér.

III

Álitsorð

Vísað er frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa álitsbeiðni X, f.h. Z og Þ.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir